

FJALLSKILADEILD GRÍMSTUNGU- OG HAUKAGILSHEIÐA

Stjórn fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiða kom saman á fund, mánudaginn 3. júní 2019.

Fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps og hófst klukkan 12:30.

Mætt voru: Egill Herbertsson, Þóra Margrét Lúthersdóttir og Birgir Ingbórsson.

Egill Herbertsson setti fundinn og lagði fram dagskrá:

1 Bréf sem borist hafa:

- a. Formaður lagði fram bréf, dagsett 29. maí 2019, frá sveitarstjóra Húnavatnshrepp sem er svarbréf sveitarstjórn við bréfi deildarinnar frá 9. apríl 2019. Í bréf sveitarstjóra kemur fram að honum hafi verið falið að gera þarfagreiningu á auknu gistirými fyrir gangnamenn á Grímstungu- og Haukagilsheiðum.
 - i. Stjórn fjallskiladeildar felur Agli Herbertssyni að vera sveitarstjóra innan handar við þessa þarfagreiningu.
- b. Formaður lagði fram bréf, dagsett 29. maí 2019, frá sveitarstjóra Húnavatnshrepps, þar sem sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kanna afstöðu fjallskilastjórnar Grímstungu- Haukagilsheiða, vegna samþykktar fjallskiladeildar Auðkúluheiðar um smölum á Sauðadal.
 - i. Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann sat þann 5. maí síðast liðinn með með fjallskilastjóra Auðkúluheiðar og eigendum Sauðadals, þeim Sigurði Erlendssyni, Stóru-Giljá og Pálma Ellertssyni, Bjarnastöðum, oddvita og sveitarstjóra Húnavatnshrepps.
 - ii. Ljóst er að landeigendur, Sigurður Erlendsson og Pálmi Ellertsson, eru ekki tilbúnir að gera neitt samkomulag um nýtingu Sauðadals og samþykkir því fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiða, að hætta afskiptum af þessu heimalandi nema þann hluta sem snertir eignarhluta Sjálfseignarstofnunar Grímstungu- og Haukagilsheiða í Sauðadal.
 1. Birgir Ingbórsson, sat hjá við afgreiðslu málsins og óskaði að framkæmi að honum þætti miður að ekki hefði nást samningar um sameiginlega nýtingu og smölun á Sauðadal.

Fleira ekki gert,
fundi slitið klukkan 13:02

Fundargerð skrifaði Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri




Egill Herbertsson



Þóra Margrét Lúthersdóttir



Birgir Ingbórsson



Einar Kristján Jónsson